

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Kjósarhreppi.

Deiliskipulag frístundabyggðar Brekkna.

Sveitarstjórn Kjósarhrepps samþykkti 12. janúar 2022, deiliskipulag frístundabyggðar Brekkna.

Deiliskipulag frístundabyggðar Brekkna í landi Möðruvalla 1 tekur til 11 ha svæðis. Innan svæðisins verða skilgreindar tíu frístundalóðir, uppbygging er hafin á sex lóðum, Brekkum 3, 4, 8, 9 og Möðruvöllum 13 og 14. Lóðirnar eru nú þegar stofnaðar úr landi Möðruvalla 1, sem er í eigu Kjósarhrepps. Skipulagssvæðið hallar til norðausturs og er við rætur Möðrudalsháls. Aðkoma að lóðum er um veginn Brekkur sem tengist Meðalfellsvegi (461). Skipulagssvæðið afmarkast í suðri, norðri og vestri af Möðruvöllum 1. Í norðaustri afmarkast svæðið af lóð sem heitir Möðruvellir, hitaveita og í austri af lóð sem heitir Hæðarskarð.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast það þegar gildi.

Kjósarhreppi, 8. mars 2022.

Sigurður H. Ólafsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 22. mars 2022